



MASKÍNA  
AFSTAÐA TIL OLÍUVINNSLU Á DREKASVÆÐINU  
OKTÓBER 2016



## MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD

Könnun þessi er gerð af Maskínu og er um afstöðu Íslendinga til olíuvinnslu á Drekasvæðinu.

Könnunin var lögð fyrir Þjóðgátt Maskínu á netinu og fór fram dagana 21. - 31. október. Íslendingar af báðum kynjum á aldrinum 18-75 ára af öllu landinu tóku þátt. Send var áminning þrisvar sinnum á þá sem ekki höfðu svarað.

Svarendur voru 915 og voru gögnin vigtuð með tilliti til kyns, aldurs og búsetu í samræmi við upplýsingar úr Þjóðskrá. Þetta er gert svo svörin endurspeglir sem best afstöðu þjóðarinnar. Við vigtun gagna geta fjöldatölur breyst og því geta þær verið eilítið frábrugðnar tölum um fjölda svarenda í skýrslunni. Þá getur birst örlítið misræmi í fjöldatölum og hlutföllum í tölum sem orsakast af námundun.

# maskína

Reykjavík, 17. nóvember 2016.

Með þökk fyrir gott samstarf,

Þóra Ásgeirsdóttir

Þorlákur Karlsson

Ævar Þórólfsson

## STUTTAR SKÝRINGAR Á TÖLFRÆÐIHUGTÖKUM Í SKÝRSLU

**Meðaltal** í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.

**Staðalfrávik** í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítið munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávik er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.


**KÍ-kvaðrat próf** er marktektarpróf sem er notað til að meta hvort að marktækur munur er á bakgrunnshópum á svarkvörðum sem ekki teljast samfelldir.

**ANOVA** er skammstöfun á Analysis of Variance sem hefur verið nefnt dreifigreining á íslensku. ANOVA metur það hvort marktækur munur er á meðalgildum svara við spurningu á samfelldum kvarða.



## Sp. 1. Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að Íslendingar vinni olíu á Drekasvæðinu?

	Fjöldi	%
Mjög hlynnt(ur) (5)	151	18,4
Fremur hlynnt(ur) (4)	222	27,1
Í meðallagi (3)	193	23,6
Fremur andvíg(ur) (2)	136	16,6
Mjög andvíg(ur) (1)	116	14,2
Gild svör	819	100,0
Gildir svarendur	819	89,5
Svöruðu ekki	96	10,5
Heildarfjöldi	915	100,0



Meðaltal	3,19
Vikmörk á meðaltalið	+/-0,09
Staðalfrávik	1,31



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikinn „Mjög hlynnt(ur)“ fær gildið 5 en valmöguleikinn „Mjög andvíg(ur)“ fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.

Í greiningu eftir bakgrunni er marktækur munur á hópum sýndur með eftirfarandi hætti:

Þegar meðaltöl eru greind (sjá næstu og þarnaestu síðu) er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgrár.



## Sp. 1. Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að Íslendingar vinni olíu á Drekasvæðinu?

	Gild svör	Hlynnt(ur)	Í meðallagi	Andvíg(ur)	
	Fjöldi	%	%	%	
<b>Allir</b>	<b>819</b>	<b>45,6</b>	<b>23,6</b>	<b>30,8</b>	3,19
<b>Kyn*</b>					
Karl	420	53,0	18,5	28,4	3,37
Kona	399	37,7	29,0	33,2	3,00
<b>Aldur*</b>					
Yngri en 25 ára	89	43,3	28,4	28,4	3,27
25-34 ára	157	50,1	24,2	25,6	3,33
35-44 ára	156	50,7	28,9	20,4	3,41
45-54 ára	155	47,2	22,9	29,8	3,23
55-64 ára	170	45,0	16,6	38,4	3,04
65 ára og eldri	91	29,5	23,4	47,1	2,71
<b>Kjördæmi*</b>					
Reykjavík-Norður	186	36,6	24,0	39,4	2,93
Reykjavík-Suður	127	35,3	28,1	36,5	2,98
Suðvestur	215	46,7	22,6	30,7	3,25
Norðvestur	70	44,9	25,0	30,1	3,18
Norðaustur	122	56,7	21,7	21,7	3,41
Suður	99	60,1	20,9	19,0	3,57
<b>Fjölskyldutekjur*</b>					
Lægri en 400 þúsund	167	35,2	29,1	35,7	2,99
400-549 þúsund	100	43,8	26,4	29,9	3,08
550-799 þúsund	156	50,6	22,7	26,7	3,34
800-999 þúsund	116	40,6	25,5	34,0	3,06
Ein milljón eða hærri	158	54,0	17,5	28,6	3,44

\*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).



## Sp. 1. Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að Íslendingar vinni olíu á Drekasvæðinu?

	Gild svör	Hlynnt(ur)	Í meðallagi	Andvíg(ur)	
	Fjöldi	%	%	%	
<b>Allir</b>	<b>819</b>	<b>45,6</b>	<b>23,6</b>	<b>30,8</b>	3,19
<b>Menntun*</b>					
Grunnskólapróf	144	53,8	28,6	17,6	3,56
Framhaldsskólapróf/lönnmenntun	299	46,8	24,6	28,6	3,22
Háskólapróf-grunnám	216	48,5	18,7	32,8	3,22
Háskólapróf-framhaldsnám	140	32,2	22,0	45,7	2,75
<b>Hjúskaparstaða</b>					
Gift/Kvæntur/Í sambúð	590	47,9	22,2	30,0	3,24
Einhleyp(ur)	159	39,1	27,2	33,7	3,07
Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill	53	45,9	24,5	29,6	3,20
<b>Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?*</b>					
Bjarta framtíð	44	42,0	25,4	32,6	3,23
Framsóknarflokkinn	46	67,0	20,6	12,4	3,92
Pírata	158	35,2	24,2	40,6	2,87
Samfylkinguna	38	25,3	21,5	53,2	2,49
Sjálfstæðisflokkinn	133	70,1	19,4	10,5	3,87
Viðreisn	62	60,8	14,2	25,0	3,60
Vinstrihreyfinguna - grænt framboð	131	22,7	19,8	57,5	2,40
Veit ekki	104	44,0	37,4	18,7	3,32

\*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).